

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Ás 3, III-1, land L204646, bygging tjaldhýsa.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lands Vesturáss og Áss 3, III-1 land L204646. Innan svæðisins eru skilgreindar byggingarheimildir sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsi, hesthúsi og reiðskemmu auk kúlutjalda sem ætluð eru til útleigu. Samþykkt í hreppsnefnd 18. desember 2024.

Deiliskipulag, Ás 3, II-3, land L204644, skilgreining lóðar.

Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til lands Áss 3, II-3 land L204644. Skipulagið tekur til um 2,3 ha lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, bílskúrs og geymsluskúrs. Samþykkt í hreppsnefnd 20. nóvember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.